

Nd.

165. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. Enn fremur frá Búðakauptúni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi.

2. gr.

Við 4. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu til þessara kauptúna frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

3. gr.

Í stað „1000 hestafla“ í 5. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: 1500 hestafla.

4. gr.

Við c-lið 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness.

5. gr.

Við 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

- d. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótaldals-héraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands.
- e. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina.
- f. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla.
- g. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

6. gr.

2. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 55/1954.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni atvinnumálaráðuneytisins. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Þau heimildarlög, sem nú gilda um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, voru borin fram og samþykkt áður en lokið var að fullu undirbúningsrannsókn að ýmsum þeim mannvirkjum, sem þau fjalla um. Endanlegar tillögur til framkvæmda hafa að lokinni rannsókn orðið frábrugðnar ákvæðum heimildarlaganna í nokkrum atriðum og því þörf nokkurra breytinga á þeim og viðauka við þau.

Um 1. gr.

Að athuguðu máli er talið hæfilegt að virkja Grímsá í 4000 ha. orkuveri til 10 milljón kílóvattstunda vinnslu í venjulegu ári. Þá er og talið heppilegt að láta aðalorkuveitu rafmagnsveitna ríkisins út frá Grímsárvirkjuninni, þ. e. 30000 volta veituna, ná alla leið suður til Stöðvarfjarðar og norður að Lagarfossi. eru þá fyrirhugaðar 10000 volta línur — sem héraðsrafmagnveitur ríkisins — út frá þessum tveimur veituendum suður til Djúpavogs og norður til Bakkagerðisþorps og Vopnafjarðar.

Um 2. gr.

Vera má, að heppilegra þyki að leggja aðalorkuveitu til Raufarhafnar og Þórs- hafnar í stað tiltölulega litillar virkjunar í Sandá (sbr. það, sem sagt er hér að neðan um 5. gr.). Er hér leitað heimildar til lagningar slíkrar aðalorkuveitu.

Um 3. gr.

Um Smyrlabjargaá gildir hið sama sem um Grímsá, að nánari athuganir hafa leitt til þess, að nauðsynlegt þykir að heimila virkjun meira afls en lögín frá 1952 gera ráð fyrir, eða allt að 1500 hestöflum.

Um 4. gr.

Um grein þessa gildir á sinn hátt hið sama og sagt var um 2. gr.

Um 5. gr.

Stefnt er að því að að stækka rafmagnsveitukerfi landsins, víkka orkuveituvæðin, tengja saman orkuver og orkuveitusvæði og stækka vatnsaflsvirkjanirnar. Slík þróun er talin grundvallarskilyrði til tryggingar nægri og ódýrri raforku í landinu í framtíðinni. Tímabært er talið, að leggja innan fárra ára raflínu milli Laxárvirkjunar í Suður-Þingeyjarsýslu og Fljótsdalshéraðs í þeim tilgangi að sameina Austurland og Norðurland í eitt orkuveitusvæði með þeim kostum, sem því fylgja. Fyrirhugað er að hafa raflínu þessa af annarri gerð en tíðkæzt hefur hér á landi til þessa. Sú tegund veitu er til muna ódýrari en hin venjulega gerð, en kemur hins vegar ekki að gagni nema við sérstakar aðstæður.

Tilgangurinn með því að tengja saman Gönguskarðsárvirkjun við Sauðárkrók og Laxárvirkjunina við Blönduós er á sinn hátt hinn sami sem ræðir um hér að ofan, að bæta nýtingu beggja orkuveranna með því að reka þær saman og við það að tengja Skagafjarðar- og Húnavatnssýsluveiturnar saman í eina orkuveitu.

Veitum frá Sogi er ætlað að ná til Víkur í Mýrdal, og er þá gert ráð fyrir, að línan frá Hvolsvelli til Skógaskóla verði 30000 volta lína og aðalspennistöð þar, en út frá henni verða síðan lagðar 10000 volta dreifiveitur um sveitirnar og til kaup- túnsins í Vík.

Um 6. gr.

Fjárhæðir lánsheimildanna eru hækkaðar í samræmi við þær breytingar, sem gerðar eru með frumvarpi þessu á 1. gr. laga nr. 22/1952. Jafnframt er breytt ákvæðum um hlutdeild raforkusjóðs í lánun þessum, og er það gert með hliðsjón af því, að lög nr. 53 21. apríl 1954 gera ráð fyrir því að við fjáröflun til raforkuframkvæmdanna geti raforkusjóður orðið lántakandi og endurláni hann síðan það til rafmagnsveitna ríkisins til einstakra framkvæmda.